

**Kaldalón hf.**

**Veðsamningur**

7. júlí 2023

---

**Í TENGLUM VIÐ  
ÚTGÁFURAMMA KALDALÓNS HF.**

---

**Samningur** þessi er gerður þann 7. júlí 2023 („**veðsamningurinn**“) og er á milli:

- (1) **Kaldalóns hf.**, kt. 490617-1320, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík ("**útgefandi**" og eftir því sem við á „**veðsali**“);
- (2) **Hvanna ehf.**, kt. 640412-0540, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík
- (3) **U 14-20 ehf.**, kt. 680717-1090, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík,
- (4) **Faðmlags ehf.**, kt. 490309-0710, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík,
- (5) **Koparhellu ehf.**, kt. 441218-0280, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík,
- (6) **Kaupangurs fasteignafélags ehf.**, kt. 481004-2680, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík,
- (7) **Lónseyrar ehf.**, kt. 590214-1830, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík,
- (8) **Vesturhrauns ehf.**, kt. 681216-0140, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík,
- (9) **Víkurhvarfs 1 ehf.**, kt. 570516-1080, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík,
- (10) **Hellubýggðar ehf.**, kt. 660116-5400, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík (aðilar í liðum 2-10 saman nefndir „**veðsalar**“ og hver um sig „**veðsali**“);
- (11) **LEX ehf.**, kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, í hlutverki sínu sem veðgæsluaðili, f.h. og í umboði útgefanda („**veðgæsluaðili**“).

#### **INNGANGUR:**

- (A) Veðsamningur þessi er gerður í tengslum við útgáfur skuldaskjala á grundvelli útgáfuramma, og sem tiltekin önnur fjármögnunarskjöl eru jafnframt felld undir, eins og nánar er mælt fyrir um í grunnlýsingu útgáfuramma og veðhafasamkomulaginu, til að veita öllum kröfuhöfum sem eiga kröfur tryggðar undir almenna tryggingarfyrirkomulaginu veðtryggingar fyrir kröfum sínum.
- (B) Með veðsamningi þessum setja veðsalar tilgreindar eignir sínar að veði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum, eftir því sem nánar er lýst í veðsamningnum.
- (C) Með veðhafasamkomulagi sem gert hefur verið milli útgefanda, veðsala, veðgæsluaðila og eigenda veðtryggðra krafna sem falla undir almenna tryggingarfyrirkomulagið ("**veðhafasamkomulagið**") er öllum veðhöfum sem eiga kröfur tryggðar samkvæmt almenna tryggingarfyrirkomulaginu tryggður jafn réttur að þeim veðtryggingum sem útgefandi og veðsalar kunna að veita hverju sinni og sömu veðtryggingar.
- (D) Útgefandi, veðsalar og veðgæsluaðili eru sammála um að veðgæsluaðili skuli fara með öll réttindi veðhafa samkvæmt veðsamningnum í umboði veðhafa og koma fram fyrir hönd veðhafa í tengslum við veðsamninginn og hinar veðsettu eignir.
- (E) Óháðir aðilar, veðgæsluaðili og staðfestingaraðili, eru skipaðir til að fylgjast með því að allar breytingar sem gerðar eru á veðtryggingum, annað hvort með því að gerðar séu breytingar á veðtryggðum eignum eða með því að bætt sé við skuldbindingum sem veðinu er ætlað að tryggja, séu í samræmi við ákvæði veðsamnings þessa og veðhafasamkomulagsins.

## 1. SKILGREININGAR OG TÚLKUN

1.1 Í veðsamningnum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem þeim er gefin hér á eftir:

„**Aðildaryfirlýsing**“ merkir yfirlýsingu um aðild nýs veðgæsluaðila, umboðsmanns kröfuhafa og/eða veðsala að veðhafasamkomulaginu, eftir því sem við á, sbr. fylgiskjal I til IV við veðhafasamkomulagið.

„**Almenna tryggingafyrirkomulagið**“ merkir fyrirkomulag trygginga tiltekinna flokka skuldaskjala útgefnum á grundvelli grunnlýsingarinnar og eftir atvikum fjármögnunarskjala sem kunna að verða felld þar undir.

„**Fjármálagerningar**“ merkir fjármálagerningar eins og þeir eru skilgreindir í lögum nr. 115/2021 um markaðir fyrir fjármálagerninga, með síðari breytingum.

„**Fjármögnunarskjöl**“ merkir verðbréf, skilmála þeirra, veðskjöl og eftir atvikum önnur skuldaskjöl og lánaskjöl sem kunna að verða felld undir almenna tryggingarfyrirkomulagið.

„**Flokkur skuldaskjala**“ merkir skuldaskjöl sem eru að öllu leyti með sömu skilmála, fyrir utan fjárhæð og ef um er að ræða skuldabréf, dagsetningu fyrstu vaxtagreiðslu og fyrsta vaxtadag.

„**Grunnlýsing**“ merkir grunnlýsingu útgefanda vegna útgáfurammans dags. 7. júlí 2023, ásamt viðaukum sem kunna að hafa verið gerðir við hana og með síðari breytingum.

„**Kröfuhafar**“ merkir aðila sem eiga kröfu sem tryggð er samkvæmt almenna tryggingarfyrirkomulaginu.

„**Samstæða útgefanda**“ merkir útgefanda og öll dótturfélög hans eins og þau eru á hverjum tíma.

„**Skuldaskjöl**“ er samheiti yfir skuldabréf, víxla og lánaskjöl, sem gefin eru út eða kunna að vera gefin út af útgefanda undir útgáfurammanum.

„**Samningur við staðfestingaraðila**“ merkir samning við staðfestingaraðila, milli útgefanda, staðfestingaraðila og umboðsmanna kröfuhafa.

„**Staðfestingaraðili**“ merkir staðfestingaraðila eins og hann er skilgreindur í samningi við staðfestingaraðila.

„**Tryggingarbréf**“ merkir sérhvert tryggingabréf sem útgefandi eða veðsali gefur út og og sem tryggir skilvísa og skaðlausa greiðslu skulda samkvæmt fjármögnunarskjölum undir almenna tryggingafyrirkomulaginu.

„**Umboðsmenn kröfuhafa**“ merkir umboðsmenn kröfuhafa, sem skipaðir eru með umboðssamningi fyrir hvern flokk skuldaskjala sem gefinn er út á grundvelli grunnlýsingarinnar, og eftir atvikum umboðsmenn kröfuhafa sem skipaðir eru fyrir hönd annarra kröfuhafa, sem eiga kröfur á hendur útgefanda sem tryggðar eru samkvæmt almenna tryggingarfyrirkomulaginu og sem hafa undirritað aðildaryfirlýsingu.

„**Umboðssamningur**“ merkir samning milli útgefanda, kröfuhafa og umboðsmanns kröfuhafa viðkomandi flokks skuldaskjala.

„**Útgáfurammi**“ merkir útgáfuramma útgefanda vegna skuldaskjala, sem lýst er í grunnlýsingu útgáfuramma, m.v. dags. samnings þessa að hámarksfjárhæð kr.

30.000.000.000 (eða jafngildi þeirra fjárhæðar í öðrum myntum), eins og honum kann að vera breytt á hverjum tíma.

„**Veðhafar**“ merkir kröfuhafa hinna veðtryggðu krafna.

„**Veðsettar eignir**“ merkir þær eignir sem á hverjum tíma eru veðsettar samkvæmt tryggingarbréfi eða veðsamningnum.

„**Veðskjöl**“ merkir veðhafasamkomulagið, tryggingarbréfin, veðsamninginn og aðildaryfirlýsingar, ásamt öllum öðrum viðbótum aðila, tilkynningum, viðaukum, fylgiskjölum, breytingum og öllum öðrum skjölum sem þeim tengjast.

„**Veðtryggðar kröfur**“ merkir kröfur sem tryggðar eru á grundvelli almenna tryggingarfyrirkomulagsins með veði samkvæmt tryggingarbréfum eða veðsamningnum.

„**VS-reikningur**“ merkir rafrænn eignareikningur, eða vörslureikningur sem tengist verðbréfasafni, í skilningi laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga, með síðari breytingum.

- 1.2 Skilgreind hugtök í fjármögnunarskjölum og tryggingarbréfunum skulu hafa sömu merkingu í veðsamningnum nema annað sé tekið fram eða bersýnilega ljóst af samhengi.
- 1.3 Öll hugtök sem ekki eru skilgreind í veðsamningi þessum hafa þá merkingu sem kemur fram í veðhafasamkomulaginu, nema annað sé beinlínis tekið fram eða ráða megi annað af samhengi. Hugtök sem hvorki eru skilgreind í veðsamningnum né í veðhafasamkomulaginu skulu hafa þá merkingu sem kemur fram í grunnlýsingu útgáfuramma.
- 1.4 Tilvísanir til löggjafar skulu taldar fela í sér tilvísanir til þeirrar löggjafar eins og henni kann að hafa verið breytt og regla sem kunna að hafa verið settar með stoð í slíkri löggjöf.
- 1.5 Tilvísanir til sérhvers aðila skulu (þar sem við á) vera álitnar tilvísanir til eða eiga við um þá sem með lögmætum hætti hafa tekið við réttindum og/eða skyldu af þeim.

## **2. VEÐTRYGGING**

- 2.1 Með undirritun sinni á veðsamninginn setja veðsalar þær eignir sem tilgreindar eru í fylgiskjölum I og II að veði til handa veðhöfum, með 1. veðrétti til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum.
- 2.2 Veðgæsluaðili, eða sá sem tekur við réttindum og skyldum hans með lögmætum hætti, fer með öll réttindi veðhafa samkvæmt veðsamningnum og kemur fram fyrir hönd veðhafa, á hverjum tíma, í tengslum við réttindi og skyldur samkvæmt veðsamningnum en veðhöfum er óheimilt að leita fullnustu krafna sinna á grundvelli veðsamningsins án aðkomu veðgæsluaðila.
- 2.3 Hver aðili að veðsamningnum samþykkir að hver og einn veðhafi, eins og þeir eru á hverjum tíma, skuli njóta réttinda samkvæmt veðsamningnum.

## **3. VEÐ Í INNSTÆÐUM Á BANKAREIKNINGUM**

- 3.1 Veðsalar setja hér með að handveði, sbr. einnig ákvæði greinar 2.1, innstæður á þeim bankareikningum sem tilgreindir eru í fylgiskjali I við veðsamninginn á hverjum tíma til tryggingar greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum.

- 3.2 Handveðsrétturinn nær til allrar innstæðu bankareikninga sem tilgreindir eru í fylgiskjali I við veðsamninginn, eins og hún er á hverjum tíma, hverju nafni sem nefnist, og hvort sem um er að ræða höfuðstól, vexti, verðbætur eða annað.
- 3.3 Veðsalar veðsettrar innstæðu lýsa því yfir að hin veðsetta innstæða sé að öllu leyti kvaðalaus eign veðsala og að á henni hvíli engin veðbönd eða fyrirvarar um eignarrétt veðsala eða annarra, að undanskildum þeim handveðsrétti sem veðsalar veita með veðsamningi þessum.
- 3.4 Veðsala er óheimilt á meðan að veðrétturinn er í gildi að ráðstafa veðsettri innstæðu á bankareikningi sem tilgreindur er í fylgiskjali I án heimildar veðgæsluaðila.
- 3.5 Veðgæsluaðili og veðsalar skuldbinda sig til að senda tilkynningu á því formi og með því efni sem fram kemur í fylgiskjölum III til IV, til viðkomandi fjármálafyrirtækis þar sem tilkynnt er um veðsetningu skv. þessari gr. 3, að hvaða marki veðsalar hafa ráðstöfunarrétt yfir hinum veðsetta bankareikningi og í hvaða tilvikum ráðstöfun veðsettrar innstæðu krefst fyrirmæla frá veðgæsluaðila.
- 3.6 Veðgæsluaðili getur heimilað veðsala að greiða út af viðkomandi reikningi í þágu rekstrar enda sé það almennt til þess fallið að vernda hagsmuni og veðréttindi veðhafa. Skal veðgæsluaðili í því tilviki senda tilkynningu til viðkomandi fjármálafyrirtækis með nánari fyrirmælum þar að lútandi.

#### **4. VEÐ Í VS-REIKNINGUM/VÖRSLUREIKNINGUM**

- 4.1 Veðsalar setja hér með að handveði, sbr. gr. 2.1, þá VS-reikninga sem tilgreindir eru í fylgiskjali II („**VS-reikningarnir**“) ásamt öllum þeim fjármálagerningum sem skráðir eru á VS-reikningana á hverjum tíma til tryggingar greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum.
- 4.2 Handveðsréttur samkvæmt gr. 4.1 tekur einnig til jöfnunarhluta veðsettra fjármálagerninga sem kunna að vera gefnir út. Fáir veðsalar útgefin jöfnunarhlutabréf í sínar hendur skuldbinda þeir sig til að sjá til þess að öll slík bréf verði skráð á VS-reikning veðsala sem er veðsettur skv. veðsamningnum.
- 4.3 Arður vegna veðsettra fjármálagerninga er innifalinn í veðsetningunni. Komi til útgreiðslu arðs vegna þeirra, skulu veðsalar tryggja að hann verði greiddur inn á bankareikning sem tilgreindur er í fylgiskjali I og veðsettur skv. grein 3.
- 4.4 Veðsalar skulu, þrátt fyrir veðsetninguna, fara með þann atkvæðisrétt sem fylgir fjármálagerningum og eiga forgangsrétt hluthafa til kaupa á nýjum hlutum í viðkomandi félagi, ef við á.
- 4.5 Komi til þess að hlutafé skv. hinum veðsettu fjármálagerningum verði lækkað, þannig að lækkunarfénu verði varið til greiðslu til hluthafa, skulu veðsalar tryggja að slíkar greiðslur séu greiddar inn á bankareikningi sem tilgreindur er í fylgiskjali I og veðsettur skv. grein 3.
- 4.6 Veðsalar skuldbinda sig til að haga meðferð atkvæðisréttar skv. hinum veðsettu fjármálagerningum þannig að þeir styðji hvorki né standi að ákvörðunum sem bersýnilega eru til þess fallnar að leiða til þess að verðmæti hinna veðsettu fjármálagerninga rýrni.
- 4.7 Veðsalar lýsa því yfir að VS-reikningarnir, ásamt þeim fjármálagerningum sem eru skráðir á þá á hverjum tíma, séu að öllu leyti kvaðalaus eign veðsala, veðbandalaus og án allra eignarréttarfyrirvara að undanskildum þeim handveðsrétti sem veðsalar veita skv. veðsamningnum.

- 4.8 Veðsölum er óheimilt meðan veðrétturinn er í gildi að ráðstafa þeim fjármálagerningum sem eru skráðir á VS-reikningana, með hvaða hætti sem er, nema með samþykki veðgæsluaðila.
- 4.9 Veðgæsluaðili og veðsalar skuldbinda sig til að senda tilkynningu á því formi og með því efni sem fram kemur í fylgiskjali IV, til viðkomandi reikningsstofnunar þar sem tilkynnt er um veðsetningu skv. þessari grein 4, og að veðsalar hafa ekki ráðstöfunarrétt yfir VS-reikningunum nema með samþykki veðgæsluaðila.

## **5. UMBOÐ TIL VEÐGÆSLUAÐILA**

- 5.1 Veðsalar og veðhafar veita veðgæsluaðila fullt og ótakmarkað umboð til að:
- (a) Framkvæma hverja þá skyldu sem veðsalar hafa undirgengist skv. veðsamningnum en hefur ekki framkvæmt, þrátt fyrir áskorun veðgæsluaðila.
  - (b) Framkvæma allt það sem nauðsynlegt er í tengslum við fullnustu veðsins skv. gr. 9 og veðsalar sinna ekki, þrátt fyrir áskorun veðgæsluaðila, þ.m.t. að undirrita öll skjöl f.h. veðsala í tengslum við framsal á hinu veðsetta.
- 5.2 Umboð það sem veðgæsluaðila er veitt skv. veðsamningnum og þau réttindi sem honum eru fengin eru eingöngu til að vernda hagsmuni veðhafa og veðgæsluaðili er aldrei skuldbundinn gagnvart útgefanda eða veðsala til að nýta umboðið eða réttindin.
- 5.3 Þótt að veðgæsluaðili nýti umboðið eða réttindi skv. veðsamningnum þá leysir það ekki veðsala undan skyldum sínum eða skuldbindingum skv. veðsamningnum, tryggingarbréfinu eða öðrum veðskjölum.
- 5.4 Veðgæsluaðili er þó ávallt ábyrgur fyrir þeim fjármunum sem hann raunverulega móttekur sem veðgæsluaðili.

## **6. FRAMSAL Á RÉTTINDUM VEÐGÆSLUAÐILA**

- 6.1 Veðgæsluaðila skal heimilt að framselja öll réttindi sín og skyldur skv. veðsamningnum til nýs veðgæsluaðila sem tekur við réttindum og skyldum veðgæsluaðila, í samræmi við nánari skilyrði og framkvæmd samkvæmt 9. grein veðhafasamkomulagsins.
- 6.2 Ef skipt er um veðgæsluaðila í samræmi við framangreint þá skulu útgefandi og sérhver veðsali, skv. beiðni veðgæsluaðila, undirrita öll nauðsynleg skjöl og framkvæma allt það sem nauðsynlegt er eða eðlilegt í tengslum við aðilaskiptin.
- 6.3 Þá skal veðgæsluaðila jafnframt heimilt að fela öðrum aðila, með skriflegu umboði, að fara með í heild eða hluta, þær heimildir og réttindi sem veðgæsluaðila eru fengin með veðsamningnum. Veðgæsluaðili ber eftir sem áður ábyrgð á verkum umboðshafa.

## **7. SÉRSTAKAR SKYLDUR VEÐSALA**

- 7.1 Veðsalar og veðhafar skulu skv. beiðni veðgæsluaðila undirrita öll þau skjöl og gera allar þær ráðstafanir sem með sanngirni má ætlast til að:
- (a) Veðsamningurinn veiti veðgæsluaðila, f.h. veðhafa, þau réttindi sem kveðið er á um í veðsamningnum.
  - (b) Veðgæsluaðili geti, f.h. veðhafa, nýtt réttindi skv. veðsamningnum, þar með talið í tengslum við fullnustu veða.

- 7.2 Komi til fullnustu veða þá skuldbinda veðsalar og veðhafi sig til að undirrita öll þau skjöl og gera allar þær ráðstafanir sem veðgæsluaðili með sanngirni óskar eftir í tengslum við fullnustuna, s.s. vegna afsals eða framsals.
- 7.3 Samþykki veðgæsluaðili f.h. veðhafa að gerðar séu breytingar á hinum veðsettu eignum skuldbindur sérhver veðsalar sig til að undirrita öll þau skjöl og gera allar þær ráðstafanir sem veðgæsluaðili óskar eftir í tengslum við breytingarnar.
- 7.4 Veðsalar skulu greiða öll opinber gjöld, þ.m.t. stimpil- og þinglýsingagjöld og allan kostnað sem kann að falla til vegna veðsamningsins, breyting á honum eða fullnustu á grundvelli hans.

## **8. BREYTINGAR Á HINU VEÐSETTA**

- 8.1 Útgefandi hefur heimild til að óska eftir því við veðgæsluaðila að breytingar séu gerðar á hinum veðsettu eignum, með því að tiltekna eignir séu leystar úr veðböndum og/eða viðbótareignir veðsettar. Veðgæsluaðili skal f.h. veðhafa verða við slíkri ósk, enda séu slíkar breytingar ekki í andstöðu við fjárhagslega eða sérstaka skilmála sem fram koma í veðhafasamkomulaginu.
- 8.2 Útgefanda er jafnframt heimilt að bæta nýjum skuldbindingum við þær skuldir sem þegar eru tryggðar með samningi þessum eða tryggingarbréfi, með því skilyrði að slíkar breytingar séu ekki í andstöðu við fjárhagslega eða sérstaka skilmála sem fram koma í veðhafasamkomulaginu.
- 8.3 Samþykki veðgæsluaðili beiðni útgefanda um breytingar skv. þessari grein í samræmi við veðhafasamkomulagið, þá skulu veðsalar undirrita öll skjöl sem veðgæsluaðili óskar eftir í tengslum við breytingarnar.
- 8.4 Þeir aðilar sem undirrita skjöl, f.h. veðsala, samkvæmt framangreindu skulu afhenda veðgæsluaðila sönnun fyrir umboði sínu á formi og að efni sem veðgæsluaðili samþykkir.

## **9. FULLNUSTA VEÐA**

- 9.1 Hafi veðtryggð krafa verið gjaldfeld og ákvörðun tekin um að ganga að veði, í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins, skal veðgæsluaðila, f.h. veðhafa, vera heimilt að:
- (a) Láta selja hið veðsetta nauðungarsölu fyrir útstandandi veðtryggðum kröfum, án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, sbr. 2. töl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.
  - (b) Selja hið veðsetta í almennri sölu fyrir útstandandi veðtryggðum kröfum. Skal hann þó ávallt leitast við að fá sem hæst verð fyrir hið veðsetta á þeim tíma sem það er selt.
  - (c) Leysa til sín hið veðsetta á eðlilegu og sanngjörnu markaðsvirði eftir því sem við á.
- 9.2 Veðgæsluaðila skal ávallt haga fullnustuaðgerðum með hagsmuni veðhafa að leiðarljósi. Þá skal veðgæsluaðili sinna fullnustuaðgerðum innan eðlilegra tímamarka.

## **10. RÁÐSTÖFUN ANDVIRÐIS**

- 10.1 Komi til fullnustu veða skal veðgæsluaðili ráðstafa öllum fjármunum sem hann móttækur til greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum í samræmi við veðhafasamkomulagið.

## **11. SKILYRÐISLAUS RÉTTINDI**

- 11.1 Umboð það sem veðgæsluaðila er veitt samkvæmt veðsamningi þessum og þau réttindi sem honum eru fengin með veðsamningnum eru skilyrðislaus og verða aðeins afturkölluð í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins.

## **12. TAKMARKANIR Á HEIMILDUM VEÐSALA**

- 12.1 Veðsölum skal vera óheimilt að framselja réttindi sín eða skyldur samkvæmt veðsamningnum nema fyrir liggja skriflegt samþykki veðgæsluaðila.
- 12.2 Veðsölum skal óheimilt að selja, veðsetja eða leggja hvers kyns kvaðir á hinar veðsettu eignir nema með samþykki veðgæsluaðila.
- 12.3 Veðsölum skal óheimilt að veðsetja verðbréf útgefin af innlendum fjármálafyrirtækjum til tryggingar á fjármögnunarskjölunum.

## **13. TILKYNNINGAR**

- 13.1 Allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent vegna veðsamningsins skulu vera skrifleg (í bréfi eða tölvupósti) og skulu sendast til veðsala, útgefanda eða veðgæsluaðila með sannanlegum hætti á eftirfarandi heimilisföng og/eða tölvupóstföng, til þess að þær geti talist gildar:

- (a) Ef til veðsala:

Kaldalón hf.  
Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík  
b.t. Jóns Þórs Gunnarssonar  
jon.gunnarsson@kaldalon.is

- (b) Ef til útgefanda:

Kaldalón hf.  
Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík  
b.t. Jóns Þórs Gunnarssonar  
jon.gunnarsson@kaldalon.is

- (c) Ef til veðgæsluaðila:

LEX  
Borgartúni 26, 105 Reykjavík  
b.t. Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl.  
gudmundur@lex.is

- 13.2 Tilkynna skal þegar í stað um allar breytingar á heimilis- eða tölvupóstfangi.

## **14. GILDISTÍMI OG VEÐBANDSLAUSN**

- 14.1 Hið veðsetta skal standa til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu hinna veðtryggðu krafna þar til að þær hafa allar verið greiddar að fullu með óafturkræfum og skilyrðislausum hætti.



- 14.2 Þegar hinar veðtryggðu kröfur hafa verið greiddar að fullu, skv. framangreindu, skal veðgæsluaðili, að beiðni og á kostnað veðsala, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fella niður þau veð sem veitt hafa verið á grundvelli veðsamningsins.
- 14.3 Hafi ekki verið stofnað til veðtryggðra krafna með útgáfu fjármögnunarskjalanna fyrir 1. júní 2024, fellur veðsamningurinn sjálfkrafa úr gildi á þeim degi og skulu þá skuldbindingar allra aðila að veðsamningnum falla niður og réttaráhrif hans skulu vera þau sömu og ef veðsamningurinn hefði aldrei verið gerður.

## **15. LÖG OG VARNARÞING**

- 15.1 Um veðsamninginn gilda íslensk lög.
- 15.2 Rísi mál út af veðsamningnum, skulu aðilar leitast við að leysa ágreining með samkomulagi sín á milli, en náist ekki að leysa úr ágreiningi með samkomulagi skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## **16. ANNÆÐ**

- 16.1 Allar breytingar sem gerðar eru á veðsamningnum skulu vera skriflegar og samþykktar af útgefanda, veðsala og veðgæsluaðila.
- 16.2 Tilvísanir til aðila skulu, þar sem við á, vísa til eftirmanna þeirra.
- 16.3 Veðsamningurinn er gerður í þremur eintökum og heldur útgefandi einu eintaki, veðsalar halda einu eintaki og veðgæsluaðili heldur einu eintaki.
- 16.4 Öllu framanrituðu til staðfestu undirrita aðilar veðsamninginn.

[undirritunarsíða fylgir]

- undirskriftarsíða veðsamnings-

**Reykjavík 7. júlí 2023**

Jón Þór Gunnarsson  
F.h. Kaldalóns hf.

---

Sá sem undirritar samkomulag þetta fyrir hönd útgefanda ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir útgefanda til að skuldbinda útgefanda.

Jón Þór Gunnarsson  
F.h. veðsala

---

Sá sem undirritar samkomulag þetta fyrir hönd veðsala ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir veðsala til að skuldbinda veðsala.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson  
F.h. LEX, sem veðgæsluaðili

---

Sá sem undirritar samkomulag þetta fyrir hönd veðgæsluaðila ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir veðgæsluaðila til að skuldbinda veðgæsluaðila.

Högni Hjálmtýr Kristjánsson  
F.h. veðsala

---

Sá sem undirritar samkomulag þetta fyrir hönd veðsala ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir veðsala til að skuldbinda veðsala.

**FYLGISKJAL I**  
**Handveðsettar Innstæður**  
LÆSTIR BANKAREIKNINGAR

*Innstæður á eftirtöldum bankareikningum eru hér með settar að handveði, sbr. veðsamning dags. 7. júlí 2023. Veðsala er óheimilt á meðan veðrétturinn er í gildi að ráðstafa veðsettri innstæðu á bankareikningi sem tilgreindur er hér á eftir nema í samræmi við fyrrgreindan veðsamning:*

Veðsali: Kaldalón hf.  
Bankareikningur: 0133-26-008465

**FYLGISKJAL II**  
**Handveðsettir VS-reikningar**

*Eftirfarandi VS-reikningar og þeir fjármálagerningar sem á þá eru skráðir á hverjum tíma eru settir að handveði, sbr. veðsamning dags. 7. júlí 2023. Veðsala er óheimilt á meðan veðrétturinn er í gildi að ráðstafa þeim fjármálagerningum sem skráðir eru á viðkomandi VS-reikninga nema í samræmi við fyrrgreindan veðsamning:*

Veðsali: Kaldalón hf.  
VS-reikningur: nr. 274883

**FYLGISKJAL III.**  
**FORM AÐ TILKYNNINGU UM VEÐSETNINGU BANKAREIKNINGS**

[Fjármálafyrirtæki]

[•]

[•]

[staður og dagsetning]

Innstæður á eftirtöldum bankareikningum [nafn, kt.] („veðsali“):

[tilgreining á bankareikningum]

hafa verið settir að handveði með veðsamningi dags. 7. júlí 2023, til tryggingar á skuldbindingum samkvæmt fjármögnunarskjölunum (eins og það hugtak er skilgreint í veðsamningnum) en afrit veðsamningsins fylgir með tilkynningu þessari. Veðsala er óheimilt á meðan að veðrétturinn er í gildi að ráðstafa veðsettri innstæðu á bankareikningunum nema í samræmi við fyrrgreindan veðsamning.

Vinsamlegast staðfestið móttöku tilkynningar þessarar og samþykki við framangreindu.

Fyrir hönd veðsala

---

Fyrir hönd veðgæsluaðila

---

Með undirritun hér að neðan staðfestir [tilgreining fjármálafyrirtækis] að hafa mótttekið ofangreinda tilkynningu og afrit af veðsamningi, kynnt sér efni þeirra og samþykkt.

[Fjármálafyrirtæki] staðfestir að hafa ekki mótttekið tilkynningar varðandi hið veðsetta sem geta farið í bága við veðsetninguna né upplýsingar um réttindi þriðja aðila í tengslum við hið veðsetta. [Fjármálafyrirtæki] mun virða að fullu ákvæði tilkynningarinnar og veðsamningsins og læsa þeim bankareikningum sem vísað er til í tilkynningunni nema fyrirmæli berist um annað frá veðgæsluaðila.

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd [fjármálafyrirtækis]

---

## FYLGISKJAL IV.

### FORM AÐ TILKYNNINGU UM VEÐSETNINGU VS-REIKNINGS

[Reikningsstofnun]

[•]

[•]

[staður og dagsetning]

Eftirtaldir VS-reikningar sem skráðir eru á nafn [nafn, kt.] („veðsali“) ásamt öllum þeim fjármálagerningum sem skráðir eru á viðkomandi reikninga á hverjum tíma:

[tilgreining á VS-reikningum]

hafa verið settir að handveði með veðsamningi dags. 7. júlí 2023, til til tryggingar á skuldbindingum samkvæmt fjármögnunarskjölunum (eins og það hugtak er skilgreint í veðsamningnum) en afrit veðsamningsins fylgir með tilkynningu þessari.

Veðsala er óheimilt að ráðstafa hinum veðsettu fjármálagerningum á VS-reikningunum, með hvaða hætti sem er, svo sem með sölu eða veðsetningu, á meðan að veðrétturinn er í gildi nema í samræmi við fyrrgreindan veðsamning.

Vinsamlegast staðfestið móttöku tilkynningar þessarar og samþykki við framangreindu.

Fyrir hönd veðsala

---

Fyrir hönd veðgæsluaðila

---

Með undirritun hér að neðan staðfestir [tilgreining fjármálafyrirtækis] að hafa mótttekið ofangreinda tilkynningu og afrit af veðsamningi, kynnt sér efni þeirra og samþykkt.

[Fjármálafyrirtæki] staðfestir að hafa ekki mótttekið tilkynningar varðandi hið veðsetta sem geta farið í bága við veðsetninguna né upplýsingar um réttindi þriðja aðila í tengslum við hið veðsetta. [Fjármálafyrirtæki] mun virða að fullu ákvæði tilkynningarinnar og veðsamningsins og læsa þeim VS-reikningum sem vísað er til í tilkynningunni nema að fyrirmæli berist um annað frá veðgæsluaðila í samræmi við efni veðsamningsins.

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd [fjármálafyrirtækis]

---